



Til aðildarhafna Hafnasambands Íslands

Reykjavík 5. mars 2021

2102002HA VRH

Málalykill: 31.23

Efni: Móttaka á sorpi á hafnarsvæðum

Samkvæmt reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku og meðhöndlun á úrgangi og farmleifum frá skipum ber öllum höfnum að starfa eftir sérstakri áætlun í þeim efnum sem er endurskoðuð reglulega og síðan staðfest af Umhverfisstofnun.

Sú meginregla er hjá flestum höfnum landsins við móttöku á úrgangi og farmleifum frá stærri skipum að kallað er eftir þjónustu frá viðurkenndum móttökuaðila, eða þá að útgerð viðkomandi skips eða umboðsmaður leitar eftir þeirri þjónustu milliliðalaust.

Til að þjónusta smábáta og minni fiskiskip hafa hafnir sett upp móttökubúnað þar sem þessir aðilar geta losað úrgang og farmleifar og greiða fyrir þá þjónustu til hafnarinnar.

Rík áhersla er nú lögð á flokkun sorps og vill Hafnasamband Íslands beina því til hafnaryfirvalda að þau útbúi sína móttöku fyrir smærri skip og báta með þeim hætti, að mögulegt sé að að skila flokkuðu sorpi í aðskilin ílát á hafnarsvæðum og /eða fylgi þeim flokkunarreglum sem eru í gildi í viðkomandi sveitarfélagi.

Jafnframt mun Hafnasambandið beina þeim áskorunum til móttökuaðila sem annast þjónustu við skip á hafnarsvæðum, að þeir bjóði uppá að taka við flokkuðu sorpi í aðskilin ílát/gáma og tryggi þannig að það verði almenn regla að öll skip og bátar skili frá sér flokkuðum úrgangi og farmleifum þegar þau koma að landi.

Virðingarfyllt

HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Lúðvík Geirsson

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands

